



ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 16 — MAÍ '80



Klettagráður

Þær gráður yfir erfiðleika í bergklifri sem hér fara á eftir eru hinar svokölluðu Alpa-gráður eða UIAA-gráður. Þær taka aðeins yfir frjálst klifur. Sé um að ræða stígaklifur (artificial climbing) er það gráðað sér í gráðunum A0-A4. Ef eitthvert stígaklifur er á leið sem að öðru leyti er frjáls fær leiðin tvöfalda gráðu. T.d.: IV, A1, sem þýðir að á leiðinni er erfiðasta frjálst klifur af IV. gráðu auk þess sem á henni eru kaflar þar sem um stígaklifur af gráðunni A1 er að ræða. Ekki verður náðar fjallað um stígaklifur og þær gráður sem því tilheyra að sinni.

Gráðurnar eru nánast þýddar beint upp úr tímariti UIAA (Alþjóðasamband alpklúbba) nr. 84. Engin dæmi fylgja en við vonum að hægt verði að birta dæmi um a.m.k. neðri hluta gráðustigans áður en langt um líður. Einu skyldu menn taka eftir en það er sú venja sem víðast er við höfð að gefa leið gráðu eftir erfiðasta kaflanum. Einnig ættum við að hugleiða hvort gæði bergsins ættu ekki að hafa áhrif þegar leið er gefin erfiðleikagráða.

Magnús Guðmundsson.
Snævarr Guðmundsson.

I. Auðveldasta tegund klifurs í bergi en leið getur þó ekki talist gönguleið. Hendurnar eru notaðar til stuðnings. Byrjendur ættu þegar að vera bundnir í línu til öryggis.

II. Litlir erfiðleikar. Héðan af krefst þó klifrið „þriggja punkta festu“. (tvær fótfestur og ein handfesta eða ein fótfestu og tvær handfestur).

III. Í meðallagi erfitt. Millitryggingar milli megintrygginga æskilegar. Lóðréttir eða slúttandi kaflar með góðum festum geta krafist nokkurra átaka.

IV. Miklir erfiðleikar. Hér má segja að klifrið taki að stefna inn á alvarlegri brautir. Þó nokkur klifurreynsla nauðsynleg. Aukin notkun millitrygginga nauðsynleg. Lengri spannir.

V. Mjög miklir erfiðleikar. Mikil notkun millitrygginga. Gerir kröfur til mjög góðs líkamlegs ásigkomulags, tækni og reynslu (á lengri leiðum sérstaklega). Hinar lengri leiðir í úlpunum og annars staðar sem teljast til þessarar gráðu, tilheyra alvarlegri fjallaferðum sem farnar eru.

VI. Óvenjulega miklir erfiðleikar. Klifurhæfni langt fyrir ofan meðallag en nauðsynleg fyrir þessa gráðu. Mikillar þjálfun er þörf. Mjög opið klifur (mikið fall) með litlum, fátæklegum syllum fyrir megintryggingar. Spannir af þessari gráðu er aðeins hægt að klifra við góðar aðstæður.

VII. Einstaklega miklir erfiðleikar. Klifur af þessari gráðu aðeins mögulegt eftir mjög stranga, sérstaka þjálfun. Besti útbúnaður nauðsynlegur. Sérstaka þjálfun þarf fyrir hverja tegund bergs. Auk stórkostlegar klifurgetu þarf mjög fullkomnar tryggingar- aðferðir vegna mikillar fallhættu.